

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við veiðar íslenskra skipa norðan 70° N og austan 0° lengdar skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum botn- og flotvörpu vera 155 mm. Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botn- og flotvörpu skal vera 135 mm. Ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur, með áorðnum breytingum, gilda um veiðar á þessu svæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 20. september 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.171.2, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi staðgreinireits 1.171.2, svonefnds iðnaðarmannareits, frá 12. apríl 1989 með síðari breytingu.

Breytingarnar eru: Lóð Ingólfsstrætis 7b minnkar um 18 m² í stað 10 m² og gangstéttarkvöð á lóðinni fellur niður; lóð Ingólfsstrætis 7a minnkar um 0,5 m², gangstéttarkvöð fellur niður syðst á lóðinni 7a og fyrirkomulag almennra bílastæða sunnan ofangreindra lóða breytist.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.